

**Nd.** **762. Breytingartillaga** [293. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 82/1969, með síðari breytingum.

Frá Sverri Hermannssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Guðrúnu Helgadóttur og Kjartani Jóhannssyni.

Á eftir 4. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein er verði 15. gr. þeirra og orðist svo (töluröð annarra greina breytist samkvæmt því):

Af hverri sölueiningu áfengs öls, sem er 33 sentilítrar, skal greiða fimm krónur í sérstakan safnasjóð, og hlutfallslega af ölföngum seldum í öðru rúmfangi. Gjald þetta haldi fullu verðgildi og skal leiðrétt ársfjórðungslega í samræmi við það.

Safnasjóður skal hafa að hlutverki vöxt og viðgang safna í landinu: Þjóðminjasafns, Þjóðskjalasafns, Náttúrufræðisafns, Snorrasafns í Reykholti, og enn fleiri menningarhlutverk sem sjóðnum kunna að verða falin er fram líða stundir.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn sem setur safnasjóði stofn- og skipulagsskrá sem háð er samþykki ráðherra.